

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1659  
komudagur 27.4.2005

Félag leiðsögumanna er kannski ekki mjög áberandi félag í íslenska samfélaginu en **leiðsögumenn** eru aftur á móti eftirminnilegir meginþorra erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim. Það er leiðsögumaður sem tekur á móti ferðamanninum í flestum tilfellum þegar hann stígur fyrst á Íslenska fold í Leifsstöð eða gengur frá borði einhvers skemmtiferðaskipsins.

Flestir ferðamenn fara í einhverjar ferðir með leiðsögumanni og þegar heim er komið þá segja ferðamenn frá ferðum sínum á Íslandi og venjulega er það leiðsögumaðurinn sem hefur skift mestu máli. Frá leiðsögumanninum hafa erlendu ferðamennirnir upplýsingar um land og þjóð. Það er leiðsögumaðurinn sem fylgir ferðamanninum í gegnum sögu landsins. Hann útskýrir jarðfræði, dýralíf, gróður, veðurfar, atvinnuvegi, menningu, listir, þjóðtrú og íslendingasögur svo eitthvað sé nefnt. Það er líka leiðsögumaðurinn sem varar við hættum í gönguferðum eða í nálægð við fossa landsins. Það er leiðsögumaðurinn sem hugsar um að láta farþegum líða vel, hvort heldur er í dagsferð eða hringferð um landið og það er líka hann sem aðstoðar þá í veikindum eða slysum sem upp kunna að koma.

Leiðsögumaður er oftast eina tenging ferðamannsins við landið og þjóðina sem í því býr. Því er mjög mikilvægt að minnst þess að hæfur leiðsögumaður er besta landkynnig sem við eigum vól á og hann er líka okkar besti kostur í markaðssókn í ferðamennsku.

Það er því kominn tími til að horfast í augu við að leiðsögumenn eru ekki **aukafólk** í ferðamennsku. Fólk um allan heim ferðast meira og allt upplýsingastreymi er líka miklu meira en áður, svo fólk vill fá **menntaða leiðsögumenn**. Til að ferðaskrifstofur geti séð sínum viðskiptamönnum fyrir **gæða-leiðsögn** telur FL það vænlega þróun í ferðamálum að Ferðamálastofa gefi út starfsleyfi til þeirra leiðsögumanna sem starfa við leiðsögn erlendra ferðamann og ljúka prófi í leiðsögn frá skóla sem uppfyllir þau skilyrði sem Menntamálaráðuneytið setur. Slíkt leyfi hefði þjóðhagslegt gildi og væri til að auka á ýmind Íslands út á við, sem og fyrir ferðamálastefnu á Íslandi, sem sýndi í verki að leiðsögn er **mikilvæg**, sérstaklega í landi sem þekkt er fyrir náttúrufegurð, því eins og Reykjavíkurskaldið okkar Tómas Guðmundsson sagði: Landslag yrði lítills virði ef það hétu ekki neitt.

Í dag er aðeins einn skóli, Leiðsöguskóli Íslands til húsa í MK, sem fer að öllu leiti eftir námsskrá Menntamálaráðuneytissins og er námið lánshæft hjá LÍN. Leiðsögunám er einnig kennt í Ferðamálaskólanum á Bildshöfða en þar er ekki farið að öllu leiti eftir námsskránni. Meðal annars eru þar engin tungumálapróf, sem þó eru nauðsynleg vegna erlendra ferðamanna.

Félag leiðsögumanna er aðili að FEG ( Félagasamtök leiðsögumanna í Evrópu). FEG var stofnað 1986 og eru félagsmenn yfir 20.000 frá 17 löndum. FEG hefur starfað í nefndum á vegum Evrópusambandsins, sem hefur sérhæft sig í að skilgreina og samræma nám og starfssvið leiðsögumanna í Evrópu. Í allflestum löndum Evrópu ( og reyndar víða um heiminn. T.d. Kína, ABC ríkin og fl.) gefa yfirvöld út starfsleyfi fyrir leiðsögumenn sem uppfylla sett skilyrði og eru þung viðurlög ( háar fjársektir ) á þá sem reyna að starfa sem leiðsögumenn án leyfis. Þetta er liður í því að virða neytendarétt viðskiptavinarins því án viðskiptavinar eru engin viðskipti.